

FRÉTTABRÉF FORELDRAFÉLAGS BES

SKÓLAPEYSUR - MÁTUN

**Miðvikudaginn
10. október
kl. 16.00 – 17.30
í gamla skólanum
á Stokkseyri**



Flottu skólapeysurnar okkar eru til sölu aftur. Lóa ofurpeysupantari verður með mátunarpeysur og tekur við pöntunum nk. miðvikudag í andyri gamla skólans á Stokkseyri.

Þetta árið verður boðið upp á stórskemmtielga nýjung: Fullorðinspeysur með rennilás! Allir foreldrar, kennarar og aðrir áhugasamir eru að sjálfsögðu hvattir til að fjárfesta í peysu – enda stórglæsilegar flíkur og sómi hverjum sem klæðist ☺



**Barnaskólinn á
Eyrarbakka og Stokkseyri**

Stjórn foreldrafélagsins:

- **Ingólfur Hjálmarsson**, formaður
ingolfur71@gmail.com
- **Íris Böðvarsdóttir**, ritari
iris@hsu.is
- **Ragnheiður Eggertsdóttir**, gjaldk.
raddaeggerts@visir.is
- **Jessica Linnea Dahlgren**
jessicadahlgren13@hotmail.com
- **Lóa Björk Óskarsdóttir**
bjarniogloa@simnet.is
- **Sandra Sævarsdóttir**
jullisandra@internet.is
- **Fríða Garðarsdóttir**
Frida.gardarsdottir@gmail.com

Aðalfundur foreldrafélagsins - „ný“ stjórn og starfið framundan

Árlegur aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn í góðri stemningu og hlýlegu umhverfi á Rauða húsinu, miðvikudagskvöldið 3. okt sl. Mæting var með sæmilegasta móti og kaffi og kökur í boði félagsins.

Jákvæð eða neikvæð samskipti?

Umræður voru líflegar og víða komið við. Helsta mál á dagsskrá og það sem heitustu umræðurnar spunnust um var líðan barna í skólanum, m.a. í ljósi nýlegrar Oelweusarkönnunar sem sýnir glögglega að samskipti milli nemenda eru oft slæm, orðhvöss og hörð. Ljóst þykir að börnin á ströndinni þurfa aðstoð við að losa sig úr vítahring neikvæðra samskipta, sem virðast lærast árgang af árgangi. Allir foreldrar á fundinum voru sammála um að hér þurfi forráðamenn, skóli og samfélagið allt að taka höndum saman um að bæta stöðu mála.

Góð líðan og jákvæð samskipti barnanna eru sameiginleg ábyrgð okkar allra og lykill að góðum námsárangri og blómlegu bæjarlífi. Allar hugmyndir – litlar sem stórar – til að efla samskiptafærni og kveða niður slæmt orðbragð krakkanna eru þegnar með þökkum!

Nýr meðlimur í stjórn

Auk þessa kynnti fráfarandi stjórn helstu starfsemi foreldrafélagsins, farið var yfir helstu viðburði liðins skólaárs, hugmyndir um viðburði á haustmánuðum (sjá m.a. í þessu fréttabréfi☺). Gjaldkeri greindi frá fjárhagsstöðu félagsins, sem er

ágætt og fólki í því sambandi bent á valgreiðslu sem birtist í heima-banka með haustinu.

Að lokum var kosið í nýja stjórn og embætti. Útskipti urðu svosem ekki mikil, en það tókst þó að lokka inn einn nýjan meðlim; Húrra fyrir Söndru Sævarsdóttur!! Velkominn til starfa!

Allir foreldrar í félaginu

Ingólfur Hjálmarsson er áfram formaður, Íris Böðvarsdóttir hefur tekið að sér ritarastörf og gjaldkeri er enn um sinn Ragnheiður Eggertsdóttir. Fríða og Ingólfur eru áfram fulltrúar í skólaráði. Ekki hika við að hafa samband, netföngin okkar standa hér fyrir ofan.

Við minnum á að allir foreldrar barna í skólanum eru meðlimir í félaginu og að ábendingar, hugmyndir, aðstoð, stuð, streð og almenn þáttaka er alltaf velkomnið.



Styrktartónleikar flygilsins!

Sunnudaginn 21. október stendur skólinn okkar, í samstarfi við Tónlistarskóla Árnesinga og fleira áhugasamt tónlistarfólk á svæðinu, fyrir tónlistarveislu til styrktar viðgerð flygilsins sem fannst og var bjargað til skólans í vor. **TAKIÐ DAGINN FRÁ!** Upp hefur komið hugmynd að nefna flygilinn Björgvin – sem verður að teljast mjög viðeigandi.

Þeim, sem hafa áhuga á að koma fram á tónleikunum, er bent á að hafa samband við Kolbrúnu tónlistarkennara eða Ingibjörgu Birgis.

Afmæli skólans – þegar fortíð, nútíð og framtíð mætast!

Saga Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri er löng og við megum vera stolt af henni. Skólahald hefur verið starfrækt hér óslitið frá 25. október 1852 og í þessum mánuði fögnum við því 160 ára afmæli! Það er sko ekkert lítið.

Árið 1897 skiptist Stokks-eyrarhreppur hinn forni upp í tvö sveitarfélög; Stokks-eyrarhreppur og Eyrarbakahreppur. Þá urðu líka til tveir skólar.

Árið 1997, 100 árum eftir það, voru Grunnskólinn á Stokkseyri og Barnaskólinn á Eyrarbakka sameinaðir á ný undir því nafni sem skólinn ber í dag; B.E.S.

Tæknilega gæti skólinn því líka fagnað 115 ára afmæli, frá stofnun sérstaks skóla á Stokkseyri og 15 ára afmæli frá sameiningu skólanna í B.E.S. – Kannski erum við hreinlega að halda upp á samtals 290 ára skólustuð við ströndina ☺ ☺ ☺

Það er amk ærin ástæða til að fagna!

Skólastarf er hjartsláttur hvers samfélags og við erum stolt af skólanum okkar. Hann er gamall, en í honum fer fram starfsemi sem horfir til framtíðar.

Afmælið er því upplagt tækifæri til þess bæði að líta um öxl og horfa fram á veg.

AFMÆLI SKÓLANS
25. október
– og dagana í kring –

Í tengslum við afmælið verða haldnir tónleikar til styrktar flyglinum, sett á fót skólasögusýning, skipulögð skrúðganga og fleira og fleira.

Skólinn óskar eftir sjálfbóaliðum úr röðum foreldra til að aðstoða við ýmis praktísk mál í skipulaginu. M.a. til að standa vaktir á sögusýningunni, svo hún geti verið opin áfram helgina eftir afmælisdaginn, þegar starfsmenn skólans eru í frí.

JÓLAFÖNDUR Í SKÓKASSA

Eftir þó nokkrar umræður í stjórn um skipulag jólafondurs foreldrafélagsins í ár höfum við ákveðið að það verði með nokkuð ólíku sniði en áður. Við viljum ekki hætta með þessa árvissu hefð, sem oftast hefur verið notaleg samverustund og vel sótt. En við viljum breyta áherslum.

Fimmtudaginn 1. nóvember kl. 17-19

ætlum við að hittast í skólanum á Stokkseyri og útbúa skókassa sem verða svo sendir til bágstaddir á Úkraínu á vegum verkefnis KFUM og KFUK: Jól í skókassa (sjá meira á www.kfum.is/skokassar).

Í stað hins hefðbundna föndurs bjóðum við upp á að börn og foreldrar skreyti og raði í kassa og útbúi jafnvel jólakveðjur að senda með til barnanna sem fá gjafirnar.

Endilega passið upp á og komið með skókassa og börnin mega velja vel með farin leikföng úr eigin safni eða kaupa litla gjöf til að stinga í kassa.

Jól í skókassa

Fréttir af starfsmannamálum:

- **Sigríður Pálsdóttir** hefur verið ráðin til að kenna fyrir **Helenu**, sem er farin í barnsburðarleyfi fram á vor.
- Á meðan **Ragnar** er í leyfi hefur **Andrína** verið ráðin til smíðakennslu, **Kolla** mun kenna bóklegu tíma Ragnars í 2. bekk.
- Við óskum þeim öllum góðs gengis ☺

Nemendaráð er tekið til starfa og stefnir í blómlegan vetur. Þegar hafa verið haldnir nokkrir fundir og uppákomur, svo sem þemadagar á unglíngastigi, t.d. skrytnihársdagurinn... Frábært!

Formaður nemendaráðs er **Sunna Valdimarsdóttir**. Fulltrúi frá félagsmiðstöð sveitarfélagsins kemur kl. 12 alla mánudaga og ræðir við alla unglíngana og fundar í framhaldinu með nemendaráði.



ATHUGIÐ FORELDRAR!

Enn vantar tengla í nokkra bekk – sérstaklega á unglíngastigi... Látum okkur ekki standa á sama um velferð barnanna í skólanum! Jafnvel ekki þeirra stóru;)